

AUGLÝSING

um deiliskipulagsmál í Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulagsbreyting, Dalabyggð 31, L200954, aukið byggingarmagn og nýtingarhlutfall.

Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi sem tekur til Dalabyggðar í landi Hrunamannahrepps. Í breytingunni felst aukning á byggingarheimildum m.t.t nýtingarhlutfalls.

Samþykkt í sveitarstjórn 3. júlí 2025.

Deiliskipulagsbreyting, Auðsholt 2, L166717, ný íbúðarhúsalóð, Auðsholt 2C.

Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi sem tekur til Auðsholts 2. Í breytingunni felst skilgreining nýrrar íbúðarhúsalóðar sem fær staðfangið Auðsholt 2C. Innan lóðarinnar verði heimilt að byggja íbúðarhús með bílgeymslu.

Samþykkt í sveitarstjórn 19. júní 2025.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 19. ágúst 2025.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,
Vigfús Þór Hróbjartsson.

B deild - Útgáfudagur: 2. september 2025